



Fjárhagsáætlun 2019-2023

Til: Formanna fagráða, sviðsstjóra og borgarritara

Efni: Skil á gögnum vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2019-2023

Með vísun í Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2019-2023 dags. 26. janúar 2018, er gert ráð fyrir eftirfarandi skilum gagna:

- **Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins:** Sviðsstjórar skila til FMS greinargerð og kostnaðarmati á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins.
- **Skil fagsviða á áætlun um greiningu þjónustupátta skv. aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:** Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- **Skil fagsviða á gjaldskrá:** Sviðsstjórar skila til FMS samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurliðun á tekjum skv. nánari fyrirmælum.
- **Lykiltölur og mælikvarðar:** Sviðsstjórar skila til FMS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats.

Skilafrestur á ofangreindum gögnum er þann **20. apríl** nk. Meðfylgjandi eru skapalón vegna skila á gögnum en innihald þeirra taka mið af eftirfarandi lýsingu.

1. Rýning á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins

a. Fagsviðið leggi fram yfirlit yfir skuldbindingar sviðsins sem eru óhjákvæmilegar og munu hafa áhrif á fjárförf þess. Hér er átt við skuldbindandi áhrif hvort sem er til hækkunar að lækkunar.

Í því felst að lagt verði fram kostnaðarmat vegna hækkunar eða lækkunar á lögbundnum og/eða samningsbundnum skuldbindingum í málaflokknum og áhættumat á þeim. Ef um er að ræða fjölgun á t.d. börnum (notendum) í viðkomandi þjónustuúrræði, þurfa að fylgja með greinargóðir útreikningar, sem fela í sér greiningu á fjölda, breytilegum einingakostnaði og föstum kostnaði. Ef um fastan samning er að ræða skal vísað í hann. Hér þarf jafnframt að skýra frá lækkun útgalda

vegna áætlaðrar fækkunar þjónustupega, samningum sem eru að renna út og verkefnum sem augljóst er að ekki þurfi að fjármagna áfram. Útreikningar fylgi í sér flipa fyrir hvern lið í meðfylgjandi excel skjali „Skuldbindingar og áhættur.xls“ eða í sérstökum excel-skjölum sem fylgi með ef um viðamikla útreikninga er að ræða.

b. Fagsviðið skýri frá og leggi mat á helstu áhættur í rekstri sviðsins.

Í því felst að greint verði frá óvissu sem uppi er eða ætla má að geti komið upp vegna einstakra þjónustuliða og hafi með þeim hætti áhrif á rekstur sviðsins. Sviðið leggi mat á hvaða fjárhæðir geti verið í húfi í því sambandi og útreikninga því til stuðnings.

2. Áætlun um greining þjónustupátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Unnið er að því að koma á breyttu fyrirkomulagi við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Í því felst að ábyrgð á greiningu þjónustupátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar verði falin sviðsstjórum og verkefninu með þeim hætti dreifstýrt út á fagsviðin undir leiðsögn miðlægs ráðgjafa- og stýrihóps. Í breytingum felst jafnframt að stofnaðir verði starfshópar á hverju sviði fyrir sig sem leiði verkefnið áfram fyrir hönd sviðsins.

Fagsviðum er falið að skila sundurliðaðri áætlun um greiningar á þjónustupáttum á árinu 2018, yfirliti yfir stöðu fyrri greininga og framkvæmd aðgerða, og drögum að framkvæmd og eftirliti á árinu.

3. Skil á gjaldskrá

Sviðsstjórar skili til FMS samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurliðun á tekjum skv. nánari fyrirmælum.

Skilað verði inn staðfestum gjaldskrá sviðanna. Séu þær óbreyttar m.v. framlagningu í borgarstjórn þann 1. des. sl. þarf ekki að skila þeim inn. Hins vegar þarf sviðið að taka saman upplýsingar um áætlaðar tekjur sviðsins í einstökum gjaldaflokkum fyrir árið 2018, sem notað verður til viðmiðunar við undirbúning rammaúthlutunar fyrir árið 2019.

4. Skil á lykiltölum og mælikvörðum

Sviðsstjórar taki saman yfirlit yfir helstu lykiltölur og mælikvarða sviðsins og þróun þeirra yfir síðustu fimm ár. Yfirlitinu fylgi spá um áætlaða þróun fyrir áætlunartímabilið hafi gögnin áhrif á forgangsröðun fjárheimilda til lengri tíma litið.

5. Fjárfestingaáætlun

Samhliða þeirri vinnu sem hér hefur verið fjallað um hefur skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA) hafið vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við reglur þ.a.l. og felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.

Vísað er á Guðlaugu S. Sigurðardóttur, fjármálastjóra skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, um frekari upplýsingar um vinnslu fjárfestingaáætlunar.

Hikið ekki við að hafa samband ef spurningar vakna og minnt er á að skilafrestur á gögnum er þann **20. apríl** nk. til fjármálaskrifstofu.



*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri.*



*Haldóra Káradóttir,
skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu.*

Hjálagt:

Skapalón fyrir skuldbindingar og áhættur í rekstri 2019-2023.

Reglur um gerð fjárhagsáætlunar, dags. 1. des. 2015.

Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2019-2023.

Afrit:

Borgarstjóri

Formaður borgarráðs

Fjármálastjórar fagsviða

Skrifstofustjórar í miðlægri stjórnsýslu